

PERSÓNUVERND ARTILKYNNING

1 ALMENNT

- 1.1 Electric Beast Global OÜ og aðilar á staðnum tilheyra Beasthópnum sem þú ætlar að ljúka samningi við eða hefur þegar lokið honum (listinn yfir félög innan Beasthópsins er tiltækur hér: <https://beast.rent/entities/>) („við“ eða „okkur“) veitir bilaleigubjónustu ökumönnum og að skrá bíla fyrir félaga gegnum vefsíðu eða forrit („**Þjónusta**“). Persónuvernd þín er okkur mikilvæg og því er það stefna okkar að virða einkalíf þitt og vernda persónuupplýsingar þínar.
- 1.2 Þessi persónuverndartilkynning („**Tilkynning**“) útskýrir aðalatriðin í hvernig við söfnum, notum, geymum og birtum persónuleg gögn þegar: (i) þú heimsækir eða átt samskipti á annan hátt við vefsíðuna okkar <https://beast.rent> („**Vefsíða**“) og/eða farsímaforrit okkar Beast (fáanlegt á iOS og Android) („**Forrit**“); (ii) þú eða lögaðilinn sem þú starfar fyrir eða ert fulltrúi fyrir til ætlið að gera eða hafið lokið samningi við okkur (t.d. leigt bíl (samkvæmt skilmálum og skilyrðum um Bílaleigu og þjónustuumsjá („**Ökumannsskilmálar**“)) eða skráið bíl (samkvæmt skilmálum og skilyrðum um Skráningu bíls félaga og notkun („**Félagaskilmálar**“)) (hér eftir saman „**Skilmálar**“)); (iii) þú gverist áskrifandi að fréttabréfi okkar og/eða tekur þátt í markaðskeppnum; (iv) þú átt samskipti við okkur í síma, með tölvupósti, gegnum samfélagsmiðla og/eða á annan hátt; eða (v) þú gerir eitthvað annað á vefsíðu okkar, forriti eða öðrum síðum sem við eigum og rekum.
- 1.3 Við meðhöndlum persónuupplýsingar þínar eins og lýst er í þessari Tilkynningu og í samræmi við viðeigandi löggjöf, þeirra á meðal Almenna persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins (2016/679) („**GDPR**“) og aðra persónuverndarlöggjöf eins og við á um ábyrgðaraðilann sem getið er um í hluta 2 í þessari Tilkynningu.
- 1.4 Ef þú gefur upp persónuupplýsingar sem varða þriðja/þriðju aðila (t.d. starfsmann þinn, stjórnarmann, samstarfsmann, o.s.frv.) við okkur ber þér að benda þeim á þessa Tilkynningu.

2 ÁBYRGÐARAÐILAR

- 2.1 Ábyrgðaraðilar að persónulegum gögnum þínum sem saman ákvarða leiðir og tilgang meðhöndlunar þeirra eru **Electric Beast Global OÜ**, sem er stofnað samkvæmt lögum í Eistlandi, með skráningarkóða 16266059 og **aðili á staðnum** sem tilheyrir Beasthópnum og þú ætlar að ljúka eða hefur þegar lokið samningi við (listinn yfir félög innan Beasthópsins er tiltækur hér: <https://beast.rent/entities/>).
- 2.2 Við, sem sameiginlegir ábyrgðaraðilar, höfum úthlutað með samkomulagi að Electric Beast Global OÜ beri ábyrgð á skuldbindingum sem falla undir GDPR, þar á meðal en þó ekki takmarkað við að koma á almennum reglum um persónuvernd og lagalegum grunni við að meðhöndla, láta þá sem gögnin varða vita af gagnavinnslnunni og virka sem tengill við þá sem gögnin fjalla um.
- 2.3 Ef spurningar vakna um persónuverndarmál skal hafa samband við okkur skriflega á legal@electricbeast.co.

3 FLOKKAR OG UPPRUNI PERSÓNUUPPLÝSINGA

3.1 Persónuupplýsingar eru allar upplýsingar sem hægt er að nota beint eða óbeint sérstaklega til að greina þig sem einstakling („**Persónuupplýsingar**“). Við megum fá og meðhöndla eftirfarandi flokka af persónuupplýsingum:

- 3.1.1 Til að ljúka og sjá um samningsbundið samband við þig eða lögaðila sem þú starfar fyrir eða ert fulltrúi fyrir megum við meðhöndla eftirfarandi persónuupplýsingar: nafn, fæðingardag, tölvupóstgang, símanúmer, heimilisfang, kenni og prófilsöggn fengin frá þriðju aðilum, tegund viðskiptavinar (einka, fyrirtæki), upplýsingar lögaðila sem þú ert fulltrúi fyrir (t.d. heiti lögaðila, heimilisfang, kennitölu) (ef við á), gögn sem varða reikninginn og notkun á þjónustu (t.d. bílaleigusaga, gögn um óhöpp, gögn um skuldir, tjón gagnvart okkur og þriðju aðilum, sektir, þar á meðal stöðusektir, brot á skilmálum, gögn varðandi lokun reiknings), kynningarkóði þinn, landfræðileg staðsetning („**Megingögn**“);
- 3.1.2 Til að sjá um samningsbundið samband og meðhöndla greiðslur megum við meðhöndla eftirfarandi persónuupplýsingar: Megingögn, greiðsluupplýsingar (t.d. bankareikningsnúmer, greiðslukortsupplýsingar, dagsetningu/tíma/upphæð millifærslu, upphæð Beastpeninga), niðurstöður sannprófunar á greiðslu („**Greiðsluupplýsingar**“);
- 3.1.3 Til þess að við getum sannreynt gildi ökuskirteinis þíns megum við meðhöndla eftirfarandi persónuupplýsingar: Megingögn, nánari upplýsingar um skilríki (t.d. útgáfuland, tegund skjals, númer, útgáfudagur og gildistími), andlitskennagögn (ljósmyndir, myndskaið og hljóðupptökur, lífkennaupplýsingar), niðurstöður ferlis til að sannreyna kenni einstaklings, hve lengi staðfestingarkerfið verður notað („**Sannprófunargögn**“);
- 3.1.4 Við skráum gögn um bílinn gegnum rafeindakerfi sem sett er í bílinn (t.d. Sentry Mode), sem getur falið í sér eftirfarandi persónuupplýsingar: staðsetningu bílsins og umhverfi hans, hve langt bílnum hefur verið ekið, tíminn sem bíllinn hefur verið notaður, gögn sem tengjast bílnum og notkun hans (t.d. upplýsingar um hraða bílsins, hröðun, hemlun, stýringu og aðrar aksturtæknimælingar, staðan á rafhlöðu bílsins, hleðslustaða og aðrar upplýsingar sem tengjast orkugjafa hans, hvort bílnum er ekið á þjóðvegi eða í íbúðahverfi, eða hvort hann er notaður sem einkabíll eða vegna rekstrar) („**bílakerfisgögn**“);
- 3.1.5 Ef þú átt samskipti við okkur gegnum vefsíðuna, forritið, samfélagsmiðlaverkvanga eða með tölvupósti, megum við meðhöndla eftirfarandi persónuupplýsingar: Megingögn, notandanafn þitt á verkvanginum sem þú notar til að eiga samskipti við okkur, dagsetningu, tíma og innihald skilaboða frá þér („**Samskiptagögn**“);
- 3.1.6 Til þess að stunda markaðssetningu megum við meðhöndla eftirfarandi persónuupplýsingar: Megingögn, stöðu, áhugamál, gefið og fjarlægð samþykki, virknigögn (t.d. aðgerðir). Að auki megum við bæta við þær persónuupplýsingar sem þú hefur gefið okkur beint upplýsingum sem við höfum aflað í heimildum sem eru öllum opnar (þ.e. LinkedIn, tölvupóstleit, viðskiptaskráningum í hverju landi) („**Markaðssetningargögn**“).
- 3.1.7 Þegar þú ferð á vefsíðuna eða í forritið mega þjónar okkar sjálfkrafa skrá eftirfarandi stöðluð gögn sem vafrinn þinn eða tækið sjá okkur fyrir, og þar á meðal geta verið persónuupplýsingar: IP tala tækis þíns, tegund vafra og

útgáfa, síðurnar sem þú ferð á á vefsíðu okkar og hversu lengi þú ert á hverri síðu, tími og dagsetning heimsóknar þinnar („**Aðgerðagögn**“);

- 3.1.8 Við megum einnig safna eftirfarandi gögnum, sem kunna að innifela persónuupplýsingar þínar, um tækið sem þú ert að nota til að komast á vefsíðu okkar eða í forritið: tegund tækis, stýrikerfi, einstök kenni tækis, stillingar tækis og gögn um landfræðilega staðsetningu. Það sem við söfnuð getur ráðist af einstökum stillingum á tæki þínu eða hugbúnaði. Við mælum með að þú kannir reglur framleiðanda tækis þíns eða hugbúnaðarveitanda til að komast að hvaða upplýsingar eru tækar fyrir okkur („**Tækjagögn**“);
- 3.1.9 Þegar þú notar þjónustuna megum við meðhöndla eftirfarandi gögn, sem geta innifalið persónuupplýsingar þínar: notandanafn, hlutverk notanda, framkvæmd aðgerð, eigindir aðgerðar, villuskrár („**Notkunargögn**“).
- 3.1.10 Við notum vafrakökur til að skilja hvernig þú notar vefsíðuna og/eða forritið. Vafrakökur eru smáar textaskrá sem geymdar eru á tölvu þinni eða fartæki þegar þú heimsækir vefsíðuna og/eða forritið og kunna að safna persónuupplýsingum þínum. Lestu Vafraköku Tilkynningu okkar til að fá frekari upplýsingar.

3.2 Við megum fá persónuupplýsingar beint frá þér, þar á meðal þegar þú samþykkir skilmálana, heimsækir vefsíðuna, forritið eða notar þjónustuna, lögaðilanum sem þú ert fulltrúi fyrir, þjónustuveitendum (t.d. frá greiðslu- eða staðfestingarþjónustuveitendum), þriðju aðilum í samræmi við fyrirskiptanir þínar og val, öðrum heimildum (t.d. frá opinberum stofnunum varðandi gögn um gildi ökuskírteinis, frá lögreglu eða tryggingafélagi varðandi brot á lögum og atvikum í umferðinni, opinberum skjölum).

3.3 Ef þú veitir ekki umbeðnar upplýsingar getum við jafnvel ekki veitt þér þjónustu, haft samband við þig eða uppfyllt það sem getið er um í hluta 4 í þessari tilkynningu.

4 LAGAGRUNDVÖLLUR OG TILGANGUR MEÐHÖNDLUNAR PERSÓNUUPPLÝSINGA

4.1 Við meðhöndlum persónuupplýsingar þínar samkvæmt lögum, af sanngirni og á gagnsæjan máta, þar á meðal aðeins þar sem við höfum lagalegan grundvöll til þess. Lagagrundvöllur vinnslu persónuupplýsinga þinna veltur á tilganginum og samhenginu sem við söfnum persónuupplýsingunum í. Eftirfarandi er lýsandi listi um tilgang vinnslu sem tengjast ákveðnum gagnaflokkum og lagagrundvöllur fyrir vinnslunni:

Tilgangur vinnslu	Lagagrundvöllur	Persónuupplýsingar notaðar til vinnslu
Meðhöndlun samningaviðræðna fyrir samningsgerð og samskipti og að ljúka gert skilmála, þar á meðal að stofna reikning	Ef þú sem náttúrleg persóna óskar þess að verða félagi eða ökumaður: að taka og virkja forsamningsaðgerðir vegna væntanlegra skilmála sem á að ljúka á milli okkar Ef lögaðilinn sem þú starfar fyrir eða ert fulltrúi fyrir óskar eftir að verða félagi: lögmætir hagsmunir okkar í að taka og virkja forsamningsaðgerðir vegna væntanlegra skilmála sem á að ljúka milli lögaðilans og okkar	Megingögn, Samskiptagögn

<p>Að gera sannprófun</p>	<p>Framkvæmd skilmálanna sem við sömdum um</p> <p>Framkvæmd lagalegra skuldbindinga</p> <p>Samþykki þitt</p>	<p>Megingögn, Sannprófunargögn</p>
<p>Framkvæmt samningsins og að sjá um sambandið samkvæmt samningi, þar á meðal að sjá um reikning þinn, sýna þér næstu lausu bíla út frá staðsetningu þinni, taka á móti greiðslum, sjá um útborganir, gefa út Beastpeninga, sjá fyrir þjónustu við viðskiptavini, þar á meðan að láta þig vita af þjónustu og sjá fyrir vegaaðstoð, fylgjast með að skilmálum sé fylgt, þar á meðan að loka reikningi og/eða samningsslitaskilmálar</p>	<p>Ef þú sem náttúrleg persóna ert þegar félagi eða ökumaður: framkvæmd skilmála okkar á milli</p> <p>Ef lögaðilinn sem þú starfar fyrir eða ert fulltrúi fyrir er þegar félagi: lögmætir hagsmunir okkar í að framkvæma skilmálana milli lögaðilans og okkar</p>	<p>Megingögn (landfræðileg staðsetning þín er aðeins notuð þegar bíll er virkur), greiðslugögn, sannprófunargögn, samskiptagögn, bílakerfisgögn</p>
<p>Að tryggja að leigði bíllinn sé notaður í samræmi við skilmálana með því að fylgjast með og safna upplýsingum um bílinn og aksturinn, þar á meðal að innheimta rétta upphæð, hlaða rafhlöður og viðhalda flotanum okkar</p>	<p>Framkvæmd skilmálanna sem við sömdum um</p> <p>Framkvæmd lagalegra skuldbindinga</p> <p>Lögmætir hagsmunir okkar að tryggja verndun bíla og annarra eigna, þar á meðal öryggi á vegum úti</p>	<p>Megingögn, bílakerfisgögn</p>
<p>Að senda upplýsingar um þjónustuuppfærslur okkar</p>	<p>Lögmætir hagsmunir okkar að láta féлага okkar og ökumenn vita um þjónustuuppfærslur okkar</p>	<p>Megingögn</p>
<p>Að bregðast við spurningum þínum og beiðnum sem sendar eru t.d. gegnum vefsíðuna, forritið, samfélagsmiðlaverkvanga, í tölvupósti, síma</p>	<p>Ef þú hefur áhuga á þjónustu okkar: lögmætir hagsmunir að tryggja áhrifaríka sambandsstjórnun við hugsanlega féлага og ökumenn og aðra áhugasama</p> <p>Ef þú sem náttúrleg persóna óskar þess að verða eða ert þegar félagi eða ökumaður: að taka og virkja forsamningsaðgerðir vegna væntanlegra skilmála sem á að ljúka á milli okkar eða að framkvæma skilmálana milli okkar</p> <p>Ef lögaðilinn sem þú starfar fyrir eða ert fulltrúi fyrir óskar eftir að verða eða er þegar félagi: lögmætir hagsmunir okkar í að taka og virkja forsamningsaðgerðir vegna væntanlegra skilmála sem á að ljúka milli lögaðilans og okkar eða okkar lögmætu hagsmuna í framkvæmd</p>	<p>Megingagna, samskiptagagna, og innihald skilaboðanna geta verið allir gagna flokkar</p>

	Skilmálarnir sem lokið var við milli lögaðilans og okkar	
Greining á notkun vefsíðu, forrits og/eða þjónustu	Lögmætir hagsmunir okkar að bæta, uppfæra og auka við þjónustu okkar	Megingögn, bilakerfisgögn, aðgerðagögn, tækjagögn, notkunargögn
Að bjóða kynningar, verðlaun eða afslætti (t.d. í samræmi við notkunarsögu á þjónustu)	Lögmætir hagsmunir við að bæta samband við viðskiptavini og verðlauna fasta viðskiptavini Samþykki	Megingögn, markaðssetningargögn
Að senda almennar og persónumiðaðar upplýsingar, þar á meðal markaðssetningarupplýsingar, varðandi þjónustu okkar, kosti, tilboð, kynningar, fréttir og viðburði með tölvupósti, þrýstiboði, SMS, skilaboði innan forrits eða fréttablaði	Ef þú ert félagi eða ökumaður: lögmætir hagsmunir okkar í að upplýsa þig um þjónustu og upplýsingar sem við teljum að þú kunnir að hafa áhuga á Samþykki	Megingögn, bilakerfisgögn, markaðssetningargögn, tækjagögn, notkunargögn Taktu eftir að til þess að bjóða persónumiðaðar kynningar, verðlaun eða upplýsingar getum við gert snið af persónu, en slík vinnsla hefur engin lagaleg eða önnur slík áhrif á þig
Að stunda markaðssetningu á samfélagsmiðlaveföngum	Samþykki Lögmætir hagsmunir okkar að sjá um prófíla okkar á samfélagsmiðlum	
Að sjá um kynningar og samkeppni tengda markaðssetningu	Samþykki	
Að mæla áhrifamátt markaðssetningartóla	Samþykki Ef þú ert félagi eða ökumaður: lögmætir hagsmunir okkar við að bæta árangur markaðssetningartóla	
Að hafa umsjón með lista yfir samþykki sem er gefið og samþykki sem er dregið til baka	Lögmætir hagsmunir okkar við að tryggja gildan lagalegan grundvöll og að skrá samþykki sem er gefið og samþykki sem er dregið til baka	Markaðssetningargögn
Að gera grunnvirkni vefsíðunnar, forritsins og þjónustu tiltæka og hafa stjórn á henni, þar á meðal að safna upplýsingum um stíklun gestsins; gera kleift að aðlaga og persónusníða upplifunina	Lögmætir hagsmunir okkar við að sjá fyrir vefsíðunni, forritinu og þjónustunni og skilja notkun mynstra til að gera bætt vefsíðuna, forritið og þjónustuna og auka við upplifun notandans	Aðgerðagögn, tækjagögn, notkunargögn Taktu eftir að til þess að persónusníða upplifunina, megum við gera persónugreiningar, en slík vinnsla hefur ekki lagaleg eða önnur slík áhrif á þig
Að greina og laga vandamál á vefsíðunni, í forritinu og þjónustunni	Lögmætir hagsmunir okkar við að veita gagnaöryggi og koma í veg fyrir sviksamlegar aðgerðir sem tengjast vefsíðunni, forritinu og þjónunni; tryggja að vefsíðan, forritið og þjónustan virki eðlilega	
Að halda innri skrár í stjórnunarlegum tilgangi	Lögmætir hagsmunir okkar við að veita þjónustuna og tryggja almennilegt hagrænt starf okkar	Allir gagnaflokkar

	Framkvæmd lagalegra skuldbindinga	
Að sjá um, safna og/eða senda í innheimtu skuldum vegna ógreiddrar þjónustu og fjárhagslegs tjóns okkar	Lögmætir hagsmunir okkar við að halda utan um skuldir, stýra skaðastjórnun og tryggja innheimtu gjalda fyrir veitta þjónustu	
Að vernda eignir og hagnir okkar sjálfra, félaga og þriðju aðila	Lögmætir hagsmunir okkar við að koma í veg fyrir svik	
Að geyma gögn með persónuupplýsingum í afritunarkerfum okkar	Lögmætir hagsmunir okkar við að tryggja áframhald og öryggi gagnavinnslu okkar	
Að fara að lagalegum og reglugerðabundnum skyldum eða beiðnum, þar á meðal að koma upp og sjá um skjöl tengd reikningum, gera reglulega kannanir á gildi ökuskrifteina	Framkvæmd lagalegra skuldbindinga	
Að senda gögn til opinberra yfirvalda, eftirlits- og löggæslustofnana	Framkvæmd lagalegra skuldbindinga Lögmætir hagsmunir okkar og þriðju aðila við að tryggja að sektir vegna brota séu framsendar til ökumannsins sem braut af sér	
Að senda gögn til þjónustuveitanda okkar, verktaka, undirverktaka, eininga innan samstæðu	Lögmætir hagsmunir okkar við að sjá fyrir vefsíðunni, forritinu og þjónustunni og tryggja almennilegt hagrænt starf okkar	
Að sjá um sölu eða samruna fyrirtækis okkar og veita upplýsingar til að stjórna lagalegri eða annars konar endurskoðun og miðlun ganga vegna hennar; að senda gögn til löglegra eftirmanna og/eða væntanlegra eigenda fyrirtækisins	Lögmætir hagsmunir okkar við að gera áreiðanleikakönnun og gæta að rekstrarframhaldi með því að tryggja vel heppnaðan samruna, yfirtöku eða endurskipulagningu fyrirtækisins	
Að senda gögn til þeirra er veita okkur lögfræðipjónustu og koma upp, setja fram eða verja lagalega kröfur, hvort heldur er í rekstri máls fyrir rétti eða í stjórnun eða aðgerðar utan réttarsalar sem tengist réttindum okkar, viðskiptavina eða starfsmanna	Lögmætir hagsmunir okkar við að greiða fyrir áhrifaríkri stofnun, notkun eða vörn lagalegra krafna	

5 MÓTTAKENDUR PERSÓNUUPPLÝSINGA OG GAGNAFLUTNINGAR

- 5.1 Við sendum persónuupplýsingar þínar til þriðju aðila aðeins í samræmi við þessa Tilkynningu og til þeirra sem hafa gengist undir að gæta trúnaðar eða eru bundnir trúnaði samkvæmt lögum. Persónuupplýsingar þínar verða sýnilegar starfsmönnum okkar sem vegna verkefna sinna þurfa að meðhöndla persónuupplýsingar þínar.
- 5.2 Við megum sýna persónuupplýsingar þínar aðskildum stjórnendum eða vinnsluaðilum sem meðhöndla persónuupplýsingar þínar fyrir okkur. Þessir aðilar sem taka við gögnum tilheyra eftirfarandi flokkum:

Flokkur	Tilgangur sýningar
Opinberra yfirvöld, eftirlits- og löggæslustofnanir	Til að uppfylla lögboðnar skyldir, dómsúrskurði, til að koma upp, beita eða verja lagaleg réttindi okkar eða í öðrum tilfellum þar sem þetta er nauðsynlega til að koma í veg fyrir og fæla frá því að brjóta lög. Til dæmis: skattayfirvöld, lögreglan.
Sérmenntaðir ráðgjafar	Til að tryggja almennilegt hagrænt starf okkar og til að koma upp, beita eða verja lagaleg réttindi okkar. Til dæmis: endurskoðendur, þriðju aðilar.
Þjónustuveitendur, verktakar, undirverktakar, þriðju aðilar	Til að hjálpa okkur að veita þér þjónustu, þar á meðal að stunda markaðssetningu. Til dæmis: greiðslumiðlarar (t.d. Stripe), tölvuþjónusta, þar á meðal gagnageymsla, hýsing og netþjónaveitendur, sannreyningarpjónusta (t.d. Veriff), auglýsinganet, greiningar, villuskráningar, innheimtufyrirtæki, lánshefisstofur, viðhalds- eða þrautalausnaveitendur, markaðssetningar- eða auglýsingastofur, kostendur eða skipuleggjendur markaðssetningarkeppna, samfélagsmiðlavangar.
Einingar innan samstæðu	Til að hagnýta sameiginlega tæknilega innviði og vinna innri stjórnunarverkefni.
Löglegir eftirmenn okkar og/eða hugsanlegir kaupendur fyrirtækisins	Til að flytja rekstur okkar á árangursríkan hátt eða vegna samruna og/eða yfirtöku, yrðu gögn meðal eigna sem flyttust til þeirra sem eignast fyrirtækið okkar.

- 5.3 Til að tryggja að þjónustuveitendur okkar fylgi ásættanlegum gagnaverndarstöðlum höfum við samið við alla þjónustuveitendur okkar, sem meðhöndla persónuupplýsingar og eru fyrir okkar hönd þeir sem meðhöndla gögnin með skriflegum gagnamedhöndlunarsamningum. Hjá þjónustuveitendum utan Evrópusambandsins eða Evrópska efnahagssvæðisins („ESB/EES“), notum við verndarráðstafanir (t.d. stöðluð samningsbundin ákvæði samþykkt af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, bindandi félagareglur) til að tryggja næga vernd fyrir persónuupplýsingar til að þær séu sambærilegar við þær sem gilda í ESB/EES og gildir það um persónuupplýsingar þínar. Við fylgjumst með að þjónustuveitendur fari að fyrrgreindum kröfum. Ef farið er fram á það veitum við frekari upplýsingar um verndarráðstafanir sem beitt er.

6 VARÐVEISLUTÍMI PERSÓNUUPPLÝSINGA

- 6.1 Við geymum persónuupplýsingar eins og lengi og nauðsynlegt er til að ná markmiðunum sem sett eru fram í hluta 4 af þessari tilkynningu, eða þar til lög kveða á um að við gerum það. Til að ákvarða viðeigandi varðveislutíma persónuupplýsinga hugsum við um magn, eðli og hversu viðkvæmur persónuupplýsingarnar eru, möguleika á að notandi án leyfis gæti valdið skaða eða að persónuupplýsingar þínar verði birtar, ástæða meðhöndlunar þeirra og hvort við getum náð þessum tilgangi eftir öðrum leiðum, og viðeigandi lagalegar kvaðir. Á meðan við geymum persónuupplýsingarnar tökum við tillit til þarfa til að leysa úr ágreiningi og beita

samningnum milli okkar eða að gera persónuupplýsingar þínar nafnlausar og geyma þær nafnlausu upplýsingar til frambúðar.

- 6.1.1 Meginöggn og greiðslugögn sem tengjast viðskiptum verða geymt í 7 ár frá lokum fjárhagsársins sem þau tengjast. Önnur megingögn og greiðslugögn verða geymd í allt að 3,5 ár eftir lok samningsbundins sambands;
 - 6.1.2 bílakerfisgögn eru geymd í 3 ár frá þeim degi sem þeirra er aflað;
 - 6.1.3 Ef lagalegur grunnur þess að meðhöndla persónuupplýsingar þínar eru samþykki og þú ákveður að draga samþykkið til baka hættum við að meðhöndla persónuupplýsingar í áður tilgreindum tilgangi, hins vegar, geymum við minnismiða varðandi það að hætt var við samþykkið til að hafa ákvörðun þína skráða og við geymum einnig gagnameðhöndlun okkar í að minnsta kosti 3,5 ár.
- 6.2** Eftir að geymslutímanum lýkur eða ef við þurfum ekki lengur á persónuupplýsingunum að halda vegna þeirra atriða sem talin eru upp í hluta 4 af tilkynningunni og þá eyðum við viðkomandi persónuupplýsingum innan sanngjarns tíma, nema geymslu á persónuupplýsingunum sé krafist til að framfylgja skyldum eða kröfur koma upp vegna lagasetning eða til að vernda gegn yfirstandandi eða væntanlegs ósættis.
- 6.3** Eftir að geymslutíminn rennur út eða lagalegur grunnur meðferðar gagnanna er ekki lengur til staðar megum við geyma efni sem innihalda persónuupplýsingar meðal öryggisafrita þaðan sem viðeigandi efni verður eytt þegar öryggisafritun er lokið. Við tryggjum að á öryggisafritunartíma sé viðeigandi varúðar gæti og að afrituðu gögn séu utan seilingar til notkunar.

7 RÉTTINDI ÞÍN SEM GAGNAEFNIS

- 7.1** Þú mátt hvenær sem er nýta eftirfarandi réttindi með tilliti til meðhöndlunar okkar á persónuupplýsingum þínum:
- 7.1.1 **Réttur til aðgangs:** þú átt rétt á að biðja um aðgang að öllum gögnum sem kunna að teljast persónuupplýsingar þínar. Þar er meðtalin rétturinn til að vera látinn vita hvort við vinnum með persónuupplýsingar þínar, hvaða flokkar persónuupplýsingar eru unnir hjá okkur og hver tilgangur vinnslunnar er.
 - 7.1.2 **Réttur til að leiðrétta:** þú átt rétt á að fara fram á að við leiðréttum persónuupplýsingar þínar ef þú telur að við séum að vinna með ónákvæmar eða ófullnægjandi persónuupplýsingar.
 - 7.1.3 **Réttur til að andmæla:** þú átt rétt á að andmæla ákveðinni vinnslu á persónuupplýsingum þínum, til dæmis þegar við vinnum með þær byggt á lögmætum hagsmunum okkar eða til beinnar markaðssetningar;
 - 7.1.4 **Réttur til takmörkunar:** þú átt rétt á að fara fram á að við takmörkum vinnslu á persónuupplýsingum þínum, til dæmis ef þú dregur í efa nákvæmni ákveðinna persónuupplýsingar sem við erum að vinna með eða ef við þurfum ekki lengur á persónuupplýsingunum að halda til að vinna, en þú þarft persónuupplýsingarnar til að setja fram, nýta þér eða verja lagalegar kröfur;
 - 7.1.5 **Rétturinn til eyðingar:** þú átt rétt á að fara fram á að við þurrkum út persónuupplýsingar þínar, til dæmis ef persónuupplýsingarnar eru ekki lengur nauðsynlegar í þeim tilgangi sem

sem þeim var safnað vegna eða ef þú telur að vinnslan sé ólögleg. Þú getur eytt notandareikningi þínum í forritinu í stillingum þess.

7.1.6 **Rétturinn til flytjanleika gagna:** Þú átt rétt á að fá persónuupplýsingar þínar á mótuðu, almennt notuðu og véllesanlegu formi ef vinnslan er gerð sjálfvirk og byggist á samþykki þínu eða sameiginlegu samningsbundnu sambandi. Ennfremur getur þú farið fram á að persónuupplýsingar þínar séu fluttan til að annars tækjastjóra. Hafðu í huga að það síðarnefnda er aðeins hægt að gera ef það er tæknilega fýsilegt.

7.1.7 **Rétturinn til að draga til baka samþykki þitt:** Í tilfellum þar sem vinnslan byggist á samþykki þínu átt þú rétt á að draga samþykki þitt til baka við slíka vinnslu hvenær sem er. Til að hætta áskrift að fréttabréfinu hafðu samband við okkur eða afskráðu þig með því að nota hlekkinn í fréttibréfinu.

7.1.8 **Kvartanir:** Ef þú vilt leggja fram kvörtun hafðu samband við okkur með því að nota neðantalið. Við könnum fljótt kvörtun þína og svörum þér, skriflega, setjum fram niðurstöðu könnunar okkar og skref sem við ætlum að taka til að bregðast við kvörtun þinni. Ef þú ert ekki sáttur við svar okkar við beiðni þinni í tengslum við vinnslu á persónuupplýsingum eða telur að við séum að vinna í persónuupplýsingum þínum andsætt laganna bókstaf, getur þú sent kröfu þína til yfirvalda persónuverndar, t.d. í Eistlandi til Persónuverndareftirlits (á eistnesku: Andmekaitse Inspektsioon) hjá info@aki.ee eða <https://aki.ee>.

7.2 Til að nýta ofantalin réttindi hafðu samband við okkur eins og kveðið er á um í hluta 2 í þessari tilkynningu. Athugaðu að þú þarft að gefa okkur nægar upplýsingar til að við getum svarað beiðni þinni varðandi réttindi. Áður en við svörum beiðni þinni getum við beðið þig að veita frekari upplýsingar til að sannreyna hver þú ert og til að meta beiðni þína.

8 HLEKKIR Á AÐRAR VEFSÍÐUR

Á vefsíðu okkar og í forritinu geta verið hlekkir á utanaðkomandi síður sem við stjórnnum ekki; því á þessi tilkynning ekki við vinnslu gagna sem gerð er af slíkum þriðju aðilum. Hafðu í huga að við höfum enga stjórn á efni og stefnu þeirra síðna og getum ekki verið ábyrg eða skaðabótaskyld vegna þess hvernig þær sinna persónuvernd. Til að fræðast um hvernig slíkir þriðju aðilar vinna með persónuupplýsingar þínar, lesið persónuverndartilkynningar á öðrum vefsíðum sem þið heimsækið.

9 BREYTINGAR Á TILKYNNINGUNNI

Þessi tilkynning getur verið bætt eða henni breytt öðru hverju í takt við breytingar á því hvernig við förum með persónuupplýsingar og í þeim tilfellum er nýjasta útgáfa tilkynningarinnar birt á þessari síðu. Skoðaðu tilkynninguna öðru hverju og sérstaklega áður en þú veitir einhverjar nýjar persónugreinanlegar upplýsingar.

Útgáfa: Júlí 2023